

Ed.

562. Nefndarálit

[227. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar á allmörgum fundum, síðan því var til hennar vísað. Hafa henni borizt mörg erindi með óskum um breytingar á einstökum tollaákvæðum.

Embættismenn þeir og sérfræðingar, er að samningu frv. hafa unnið, þeir Torfi Hjartarson tollstjóri, Klemenz Tryggvason hagstofustjóri, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytissjóri og Pétur Sæmundsen bankastjóri, hafa mætt á nokkrum fundum nefndarinnar og gefið henni margvíslegar upplýsingar og leiðbeiningar, bæði um erindi þau, er borizt hafa, og annað, sem frv. þetta varðar.

Nefndin flytur sameiginlega nokkrar brtt. á sérstöku þingskjali. Eiga þær brtt. einkum rót sína að rekja til þess, að nefndin hefur talið rétt að koma til móts við þær óskir, er fram hafa verið bornar í áðurnefndum erindum, þó að hún hafi hins vegar ekki séð sér fært að taka þær allar til greina.

Tveir nm., þeir BjörnJ og KK, standa að hinum sameiginlegu till. n., en skila annars sérálitum og brtt., er lengra ganga í tollalækkunarátt en meiri hl. hefur að svo stöddu talið sér fært að fallast á.

Meiri hl. lítur svo á, að frv. þetta feli í sér hinar merkustu endurbætur og samræmingu á núgildandi tollaákvæðum og framkvæmd þeirra. Þær breytingar, er gerðar eru á tollaákvæðum, eru yfirlétt til lækkunar, þannig að í heild verður breytingin til talsverðra hagsbóta fyrir neytendur og atvinnuvegina. Þótt það sé að visu skoðun meiri hl., að æskilegt væri að lækka tolla meira en frv. gerir ráð fyrir. Þá teljum við þó ekki að svo stöddu fært að ganga öllu lengra í því efni en frv. gerir ráð fyrir vegna þeirra óhagstæðu áhrifa, sem slíkt mundi óhjákvæmilega hafa fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og treystumst við því ekki til þess að mæla með frekari tillögum í lækkunarátt en þeim, sem fluttar eru af nefndinni sameiginlega.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Ólafur Björnsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson.